



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Seljaborg

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat Guli kjarni.....	5
3 Innra mat Blái kjarni	7
4 Innra mat Græni kjarni	8
5 Innra mat fyrir sérkennslu	11
7 Ytra mat	13
8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	14
9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	14
10 Foreldrasamvinna.....	15
11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	16
12 Fylgigögn.....	19
12.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	19



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Með tilkomu nýrrar menntastefnu sem Reykjavík er að innleiða ákváðum við að taka fyrir félagsfærni. Við fengum námskeið hjá Barnaheill í vináttuverkefninu Vinátta um miðjan september fyrir alla starfsmenn og fór einn starfsdagur í það. Kynningafundur var með foreldrum barnanna í byrjun október áður en verkefnið fór af stað. Þeir voru mjög áhugasamir um verkefnið og hlökkðu til að þetta færi af stað. Verkefnið var svo kynnt fyrir börnunum í lok október og var lagt upp með að það yrði strax notað með markvissum hætti. Námsfni var keypt fyrir allar deildar svo að hver deild gat unnið með og skipulagt eftir eigin höfði. Bæði börn og starfsmenn voru mjög áhugasöm um þetta verkefni og nýttu námsgögnin á skipulegan og markvissan hátt alveg fram að byrjun verkfalls Eflingar starfsmanna og síðan fylgdi í kjölfarið skert skólastarfs vegna Covid-19 faraldurs.

Mikil áhersla var lögð á læsi eins og áður. Átaksverkefni um lestur voru að hausti þar sem búin var til ein stór *Bókakönguló* og að vori safnaði hver deild bókum í *Bókaskáp*. Tvær eldri deildarnar hafa verið með lestrarverkefni þar sem eitt barn í einu fær að vera bókaormur en þá fær það spjald með sér heim og á að koma með bók að heiman sem síðan er lesin eða skoðuð með hinum börnunum. Þetta verkefni hefur gefist mjög vel og hefur ýtt undir áhuga barnanna á bókum sem og samstarfs við heimilin.

Við höfum ávallt lagt ríka áherslu á að eiga gott foreldrasamstarf. Við buðum foreldrum í heimsókn í tengslum við feðradaginn. Sameinuðum okkar árlegu Heiðmerkurferð og aðventukaffi sem hefur vakið upp mikla ánægju hjá foreldrum. En í ljósi aðstæðna gátum við ekki verið með áður auglýst opið hús í tilefni af Degi leikskólans, mæðrakaffi og sumarhátíð var haldin án þátttöku foreldra. Einnig þurftum við að útfæra Öskudaginn með öðru sniði en venjulega er gert vegna verkfalls Eflingar starfsmanna. Seljaborg er þátttakandi í Heilsueflandi Breiðholt sem og í verkefninu Betri borg fyrir börn sem lagt var af stað með í vetur.



Starfsdaga nýttum við m.a. til endurmenntunar forum á fyrirlestur hjá Kvan-hópnum sem bar yfirskriftina Þú hefur áhrif og hvernig við getum skapað sterka liðsheild. Kolbrún Sigurgeirsdóttir jafnréttisstýra Reykjavíkurborgar kom til okkar og var með fyrirlestur um jafningjafræðslu. Allir starfsmenn fóru á leikskólaráðstefnuna *Látum draumana rætast*. Til stóð að hafa skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk í mars en vegna Covid-19 varð að fella það niður. Einnig ákvað SFS að allir skólar yrðu með sameiginlegan starfsdag vegna skipulags á skólastarfi í covid-19 samkvæmt ráðleggingum sóttvarnarlæknis. Við komum til með að bæta okkur upp þennan starfsdag sem við misstum í mars á næsta skólaári og verðum þá með skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmenn. Jafnframt urðum við að færa til áður auglýstan starfsdag sem vera átti 20. maí þar sem ósk kom fram frá SFS að leik- og grunnskólar innan sama hverfis yrðu sameiginlegir í ljósi aðstæðna. Skólastjórnendur innan Seljahverfis komust að þeirri niðurstöðu að sameiginlegur starfsdagur skyldi haldin 25. maí.

Í öllum þessum fordæmalausum aðstæðum sem gengu yfir okkur á þessu skólaári þ.e. v-in þrjú: veður, verkfall og veira er mér efst í huga þakklæti til allra sem koma að leikskólastarfi Seljaborgar. Starfsmenn sýndu ótrúlegan samhug í öllu þessu ferli og tóku að sér hin ýmsu verk sem þeim var ætlað að sinna með jákvæðnina að leiðarljósi. Börnin voru ótrúlega æðrulaus í öllu þessu óvenjulega skipulagi þó svo að þau hafi saknað vina sinna og foreldrahópurinn sýndi okkur mikinn skilning og hjálpssemi undir þessum kringumstæðum sem skulu á okkur eins og þruma úr heiðskíru lofti. Við viljum koma á framfæri kæru þakklæti til foreldrafélags Seljaborgar sem kom færandi hendi með alls kyns góðgæti á kaffistofu starfsmanna til að þakka þeim fyrir vel unnin störf í öllu þessu ástandi. Einnig viljum við þakka SFS fyrir þeirra þakklætisgjöf handa starfsmönnum.



2 Innra mat Guli kjarni

Umbótaþættir	Að hverju er stefnt?
Að mæta hreyfipörfum barna í leik og samskiptum.	Markmiðið var að kenna einn dans á mánuði þar sem það yrði sett inn í skipulag deildarinnar í gegnum Tímalínu. Ýmsir dansar og hreyfisöngvar voru æfð í vetur. Dansarnir voru ekki teknir upp og sendir foreldrum en við dönsuðum í söngstundum með börnunum af hinum kjörnunum. Viðmiðum var náð með 8 dönsum yfir skólaárið. Börnin hafa mjög gaman af því að dansa og hlaupa af stað þegar þau vita að það er verið að fara að dansa. Starfsmenn sáu það vel á þeim hvað þeim þótti þetta skemmtilegt, auk þess sem þau biðja mjög oft um að fá að dansa. Verkfall og Covid-19 faraldurinn setti strik í reikninginn og við náðum ekki að halda þessu markmiði allan tímann. Unnið verður áfram að þessu markmiði. Kjarnastjóri ber ábyrgð á því að setja dans eða hreyfilag í Tímalínuna en allir starfsmenn sjá um framkvæmdina með börnunum. Árangur næst ef að börnin hafa lært 8 dansa og jafnvel búið til einn saman. Dansarnir og hreyfilögin verða skoðuð í maí 2021 og starfsmenn meta saman hvernig til tókst og hvort að börnin hafi sýnt verkefninu áhuga.
Virk hlustun	Ekki var unnið vel að þessu markmiði. Við vorum með yngri börn en við erum vön. Hver hópstjóri var með fjögur börn í hópi. Börnin fengu því mikla athygli fullorðins í hópátímum. Í verkfallinu var aðeins einn kennari á deildinni og fá börn sem mættu, sá tími var vel notaður til þess að spjalla og hlusta. En það voru mörg börn sem mættu ekki neitt. Þegar að Covid-19 faraldurinn braust út voru mörg börn sem komu ekki neitt í leikskólann í margar vikur og því var ekki hægt að gefa öllum börnum góðan tíma. Þetta er markmið sem má vinna betur með á Gula kjarna en starfið þar er öðruvísi sniðið en á Bláa og Græna vegna aldurs barnanna. Kjarnastjóri ber ábyrgð á að innleiða þessa aðferð en hver og einn hópstjóri sér um framkvæmdina með sínum hóp. Gott er að byrja strax þegar börnin byrja í haust eftir sumarfrí og þegar það er búið að aðlagða börnin sem eru að byrja ný. Viðmið um markmið eru að allir starfsmenn verði meðvitaðir um mikilvægi þess að eiga samræður við börnin á þeirra forsendum alla daga. Umbótaþátturinn verður endurskoðaður á kjarnafundi í janúar 2021 og breytt um aðferðir ef þörf þykir. Meta verður þátttöku barna og áhuga þeirra til þess að tjá sig og leyfa þeim þannig að koma að matinu.
Börn hafa áhrif á val.	Börnin taka þátt í að velja hvaða dýr þau vilja læra um viku í senn og hvert barn fær að velja á sinn hátt. Hvert barn er spurt hvaða dýr það vill læra um og er unnið með það dýr eina viku í senn. Skráning fyrir dýr eru skráð á Tímalínuna og skráð hvaða barn valdi hvaða dýr. Þessi vinna stendur yfir allt skólaárið. Viðmið um árangur að börn velji dýrin sjálf, komi sjálf með hugmyndir og óskir. Stefnt var að því að börnin myndu velja sér dýr til að fræðast um. Deildarstjórinn setti saman mynd af mörgum ólíkum dýrum og leyfði þeim að velja sér dýr. Hann skráði hvaða



	börn völdu hvaða dýr og síðan var unnið með dýrin næstu tvær vikurnar. Börnunum fannst þetta mjög spennandi og sýndu foreldrum sínum stolt myndir af dýrinu sem voru settar í fataklefann til að skapa umræðu. Börnum fannst þetta spennandi og skemmtilegt og ólíkar leiðir voru notaðar til að ná fram lærdóm. Notaðar voru sögur, vísur, söngur og dans til þess að fræðast um ólík dýr. Þetta verkefni fór á pásu þegar leikskólastarfið varð skert vegna verkfalls og Covid-19. Því náðist ekki að klára að fjalla um öll dýrin sem höfðu verið valin og verður haldið áfram með þetta markmið. Kjarnastjóri sér til þess að dýrin fari inn í Tímalínuna en allir starfsmenn sjá um það í sameiningu að vinna að markmiðinu. Árangur næst ef þetta verður hluti af Tímalínunni og að börnin læri um dýr sem vekur áhuga þeirra. Með því að fylgjast með áhuga barnanna og hvernig þau upplifa verkefnið segja þau sína skoðun á verkefninu. Mörg börnin hafa ekki orðaforða til þess að segja hvað þeim finnst svo það er hlutverk starfsmanna að skoða með öðrum hætti hvernig börnin tjá skoðun
Foreldraþátttaka	Foreldrum verði sendur fréttapóstur með tölvupósti vikulega með upplýsingum um <i>Tímalínu</i>. Börn og foreldrar hafa kost á að ræða saman heima um efni <i>Tímalínunnar</i> hverju sinni og foreldrar taki þannig þátt í starfi barnanna sinna. Mat fer fram í foreldraviðtölum þar sem hópstjórar ræða ánægju foreldra á fréttapóstunum og samstarfi milli foreldra og leikskóla. Mat fer fram í nóvember og mars í foreldraviðtölum. Árangur næst ef flestir foreldrar eru ánægðir með samstarf. Tímalínan var sett upp þannig að allir hlutar hennar sem unnið var með sáust. Þetta var prentað út og hengt á hurðina inn á deild. Foreldraviðtöl voru ekki í mars vegna Covid-19 og fer þetta því aftur í framkvæmd og metið aftur vorið 2021.
Læsi	Haldið var lestarátak haustið 2019. Þar var gerð ein stór könguló með öllum miðunum sem börnin á Seljaborg komu með að heiman. Börnin voru spennt að koma með miða og fá að hengja hann upp á vegg. Þau fylltust stolti að fá að setja miðan sjálf upp og ánægð að sjá hversu stór köngulóin varð. Það eru allir starfsmenn og margir foreldrar ánægðir með hvernig til tókst auk þess sem börnin voru mjög jákvæð og spennt fyrir verkefninu. Þó að verkefnið í umbótaþættinum hafi einungis verið einu sinni á síðasta skólaári, þá telst því lokið og verður haldið áfram að vinna með þessi lestarátök í framtíðinni.
Umhverfisvernd	Mikið er notað af einnota hlutum á Gula kjarna. Það eru notaðir svampar þegar skipt er á börnum og til að þvo þeim um hendur og munn eftir matinn. Pappír er notaður þegar hendur eru þurrkaðar. Föt sem blotna fara heim í plastpokum og þeir eru einnig notaðir fyrir bleiur með hægðum í svo lyktin verði ekki mikil í fataklefanum. Markmiðið er að minnka einnota neyslu deildarinnar og stuðla þannig að betra umhverfi og minna rusli. Allir starfsmenn verða að vera meðvitaðir um neysluna og reyna að vinna saman að því að auka vitund barnanna. Allir starfsmenn bera ábyrgð á því að sinna verkefninu. Markmið telst náð ef að tekist hefur verið að finna aðrar leiðir í starfinu sem minnka notkun á einnota hlutum. Umbótaþátturinn verður metinn á kjarnafundi á starfsdegi í maí 2021. Kjarnastjóri ber ábyrgð á því að leiða vinnuna.

3 Innra mat Blái kjarni

Umbótaþættir	Að hverju er stefnt?
Skráningar í ferilmöppu	Stefnt var að því að endurskoða ferilmöppur barnanna og þær yrðu vel skipulagðar. Það átti að koma vel í ljós þroski barnanna yfir skólaárið. Það gekk mjög vel að fylgja þessu eftir, kennarar voru mjög sáttir að hafa þetta skipulagt hvað ætti að fara í möppuna hvern mánuð fyrir sig. Börnin voru áhugasöm um hvað væri að fara í möppuna þeirra og spennt að fá þær heim að vori. En vegna verkfalls og Covid-19 mættu börnin lítið frá því í febrúar og fram í maí. Því hefur ekki verið unnið í möppunum síðan í febrúar. Við ætlum að endurtaka þennan umbótaþátt að hausti. Möppurnar verða skoðaðar og metnar á kjarnafundi vorið 2021 af hópstjórum og kjarnastjóra. Viðmið um árangur er að skráning á þroska barna verði skilvirkari og utan um hald betra. Börnin gera að minnsta kosti tvö til þrjú „verkefni“ á mánuði t.d. sjálfsmynd á haustin og svo aftur að vori. Þau svo sjá muninn þegar seinni myndin er teiknuð og meta muninn á myndunum. Börnin fá að skoða möppuna sína og segja sína skoðun á henni í hópátíma. Segja hvaða verkefni voru skemmtileg og hvort þau vilji bæta einhverju við fyrir næsta ár.
Tímalína	Tímalínuna átti að aðlaga börnunum betur og stytta svo börnin myndu meðtaka betur það sem væri í Tímalínunni hverju sinni. Endurmat var í formi rýnihópar innan kjarnans á því hvernig gekk um haustið. Marmiðið var að skipulagið verði meira notað í starfinu á kjarnanum. Vegna verkfalls og Covid-19 faraldurs ætlum við að halda áfram með þennan umbótaþátt. Í janúar var Tímalínan endurskoðuð og breitt. Ákvað var að stytta Tímalínuna og hún skipulögð þannig að börnin væru meiri þátttakendur með að skapa t.d. búa til ljóð sjálf og tilfinningar voru ræddar (spurningar eins og „hvernig líður mér?“). Einnig var lestur settur inn í Tímalínuna þannig að tvö börn voru valin í hverri viku. Þau máttu fara á bókasafn leikskólans til þess að velja sér bók og sjá um þá lestrarstund. Börnin voru spennt að bíða eftir að röðin kæmi að þeim og starfsfólk tók eftir því hversu stolt börnin voru þegar þeirra bók var lesin og sjálfstraust þeirra jókst. Markmið á þessum umbótum er að börnin verði meiri þátttakendur í Tímalínunni og að það efli þau í samskiptum sín á milli. Þessi þáttur verður endurskoðaður aftur vorið 2021 af kjarnastjóra og hópstjórum kjarnans. Börnin verða þátttakendur í endurskipulagningu á Tímalínunni með því að velja verkefni sem sett verður í skipulagið.
Lestur	Síðasta vetur byrjuðum við með bókaorms verkefni þar sem börn fengu að koma með bók að heiman sem lesin var í samverum. Um mitt haustið var „Bókakönguló“ lestrarátak. Í ljósi aðstæðna sem hafa haft mikil áhrif á okkar starf í vor (s.s. verkfall og Covid-19), var ákveðið að fresta öðru lestrarátaki þar sem fá börn mættu í leikskólann. Við ætlum að halda þessu verkefni áfram næsta haust og verður metið af kjarnastjóra vorið 2021. Til að meta hvernig gekk er athugað hvort að öll börnin hafi tekið þátt í verkefninu.



	Viðmið um árangur er að þetta veki áhuga barna á bókum og lestri og að foreldrar lesi með börnunum sínum heima.
Félagsfærni	Vináttuverkefni Barnaheilla var innleitt í starfsemi kjarnans. Allir starfsmenn leikskólans fóru á námskeið á vegum Barnaheilla. Endurmat fór fram í vor á starfsmannafundi með rýnihópum þar sem rætt var hvernig verkefnið tókst. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að innleiðing muni eiga sér stað. Miðað er við að allir kjarnar hafi tileinkað sér ákveðin grunngildi við forvarnarverkefnið. Vináttuverkefnið fór vel á stað, bæði börn og kennarar voru áhugasamir. Það vantar aðeins upp á að kennarar taki meiri þátt að vera með skipulagða tíma um félagsfærni til dæmis samverustundir með nuddtímum og umræðu um vináttu. Þetta var alveg nýtt verkefni hjá okkur og það tekur tíma að koma því inn í starfið hjá okkur þess vegna ætlum við að halda þessum umbótarþætti áfram inni fyrir komandi skólaár. Þetta verkefnið verður metið vorið 2021 af kjarnastjóra. Metið verður með skráningu hvort að börnin hafi tileinkað sér þessa félaglegu þætti sem tengist vináttu. Börnin meta svo hvernig þetta verkefni hefur gengið og hvað mætti betur fara með félagslegri þátttöku í leik og daglegu amstri, kennari verður með skipulagða könnun í hópatíma þar sem verður tekin umræða út frá þessu verkefni og hún metin og skráð. Vegna verkfalls og Covid-19 faraldurs ætlum við að halda áfram með þennan umbótarþátt. Verkefnið var sett í pásu í vor vegna aðstæðna.

4 Innra mat Græni kjarni

Umbótaþættir	Að hverju er stefnt?
Að mæta hreyfipörfum barna í leik og samskiptum	Stefnt var að því að kenna einn dans í mánuði, það náðist ekki en við náðum að kenna 3 dansa á önn. Íþróttatímar voru aftur á móti oftast til að mæta hreyfipörfum barna. Verkefninu var frestað í vor vegna Covid-19. Danskennsla verður sett inn í skipulag deildar í Tímalínunni fyrir skólaárið 2020-2021. Hópstjórar taka myndbönd og senda foreldrum einu sinni á önn og dansinn sýndur í aðventukaffinu og á sumarhátíðinni. Á skráningarblað fyrir hópatíma verður danskennslu bætt inn. Allir starfsmenn bera ábyrgð á því að mæta hreyfipörfum barna. Börnin fá að segja sína skoðun á dönsunum með umræðu í samveru eða í hópatíma, svörin eru skráð og rýnd. Endurmat á árangri fer fram í maí 2021. Viðmiðin verða að börnin kunni að minnsta kosti sex dansa (t.d. fugladansinn, krakka zumba Faðir Abraham, Hann Lilli, Hókí-pókí, súkkulaði dans) og verða a.m.k. 2 alveg ný fyrir þeim eftir skólaárið.
Skráningar	Ferilmöppur barna voru endurskoðaðar. Kennarar fengu skipulag frá kjarnastjórum yfir hvað ætti að fara í möppuna hvern mánuð fyrir sig. Í möppuna eiga að fara viðtöl við barnið ásamt upplýsingum frá foreldrum þess, árstíðatengd verkefni barna og myndir úr starfi. Börnum fannst

Foreldraþátttaka	skemmtileg að fara í viðtöl, gátu ekki beðið eftir að það kæmi að þeim, teikna sjálfsmynd og fjölskyldumynd sem þau sögðu stolt frá. Því miður hafði verkfall og Covid-19 mikil áhrif á okkar starf í vor, ekki hefur verið unnið mikið í möppunum síðan í febrúar. Mörg börn mættu ekki í leikskólann í nokkra mánuði og eru því með smærri ferlimöppur en lagt var upp með. Hópstjórar eiga að nota undirbúning til að skipuleggja og yfirfara möppurnar í hverjum mánuði. Ferlið verður endurskoðað að ári liðnu. Kjarnastjóri hefur yfirumsjón um að vinnan sé fagleg og að öll gögn séu vandlega fyllt út og börnin taki ferilmöppu sína heim fyrir sumarfrí og ný mappa gerð fyrir næsta skólaár. Börnin fá að skoða möppuna sína og segja sína skoðun á henni í hópatíma. Segja hvaða verkefni voru skemmtileg og hvort þau vilji bæta einhverju við fyrir næsta ár. Endurmat á árangri fer fram í maí 2021. Viðmiðin verða að í möppu verða að minnsta kosti handaför, viðtölsblöð, sjálfs- og fjölskyldu myndir á haust og vori ásamt tveimur myndum eftir barnið. Stefnt var að því að þátttaka foreldra í starfinu í leikskólanum yrði meiri. Fréttir voru sendar vikulega til foreldra og samskiptin jukust. Um haustið var bókakönguló lesturátakið þar sem börnin fengu blað heim til að fylla út með foreldrum sínum, þáttkaka foreldra og barna var til fyrirmyndar. Vegna verkfall og Covid-19 voru foreldraviðtölum í vor aflýst en foreldrum boðið upp símtöl eða skriflegt umsögn um barnið sitt. Endurmat átti að vera í formi könnunnar á meðal foreldra þar sem upplifun þeirra væri könnuð en þessari leið var breytt vegna fjölda tölvupósta og upplýsinga sem voru send vikulega á foreldra vegna aðstæðna. Markmiðið er að fá sem flesta foreldra (lámörk 75%) til samstarfs og hefur verið ákveðið að þessi þáttur fari aftur í umbótaáætlun. Endurmat verður í formi könnunnar á meðal foreldra þar sem upplifun þeirra verður könnuð í maí 2021. Allir hópstjórar bera ábyrgð á því að foreldrar fái upplýsingar um stöðu og þroska barna í viðtölum og að skráningar/ferilmöppur séu aðgengilegar.
Árstíðir	Árstíðirnar voru teknar fyrir á Græna Kjarna. Hópatímar og samverur voru notaðar til þess að fjalla um árstíðir að minnsta kosti einu sinni í mánuði. að tengja við árstíðirnar. Sönglög, hátíðisdagar, veður og klæðnaður tengt viðeigandi árstíðum. Trjágrein var hengd upp með árstíðartengdu skrauti hverju sinni, t.d. lauf, blóm, snjókorn, páskaegg og fleira. Vegna verulegrar röskunar á starfi okkar eftir áramót 2020 (verkfall og í kjölfarið Covid-19), var ákveðið að setja þennan þátt aftur á umbótaáætlun. Endurmat verður eftir hvern ársfjórðung um það bil þegar árstíðirnar breytast, með gangasöfnun í ferilmöppur barnanna. Viðmiðið er að börnin verði meðvitaðri um árstíðirnar og hvað þeim fylgir. Allir á kjarnanum bera ábyrgð á því að börnin fá kennslu en kjarnastjóri er með yfirumsjón um að hópstjórar vinni faglega og að gögn séu til staðar. Börnin fá að segja sína skoðun á árstíðagreininni með umræðu í samveru og í hópatíma, koma einnig með hugmyndir hvernig mætti skreyta greinina næst.
Læsi	Ritmál var gert sýnilegra á Græna kjarna. Bókstafir fyrir hljóð vikunnar og tákn vikunnar voru sett upp á vegg samkvæmt skipulaginu í Tímalínunni. Búið er að setja upp sjónrænt skipulag og merkja hillur og hluti eru sýnilegir börnum, bæði með orðum og myndum. Bækur voru aðgengilegri en breyta þarf skipulagi deildar þannig að börnin fái bækur við þeirra hæfi. Áætlað var að gera Orðaforðalistann frá Menntamálastofnun sýnilegan börnum og foreldrum. Sú áætlun gekk ekki upp.

	Byrjað var með bókaorms verkefni þar sem börn fengu að koma með bók að heiman og hún lesin í samveru. Hópstjórar fóru oftast með börnum á bókasafn þar sem þau fengu lánaðar bækur í leikskólann. Þannig voru bæði starfsmenn og börn að velja hvaða bækur og sögur voru lesnar. Um haustið var lestarátakið „Bókakönguló“. Í ljósi aðstæðna sem hafa haft mikil áhrif á okkar starf í vor (s.s. verkfall og Covid-19), frestuðum við bókaorms verkefninu og lestarátakinu breytt þannig að hver kjarni verði með sitt verkefni en ekki sameiginlegt eins og hefur verið. Endurmat verður á kjarnafundi í desember 2020 og maí 2021 þar sem starfsmenn ræða hvernig og hvort börnin tengi orðin við myndir af þeim hlutum sem eru merktir. Mat fer fram í hópatímum og rýnt á kjarnafundi hvernig gengur. Einnig verður metið í hópatímum hvort börnin séu að tileinka sér hljóðin og orðin. Viðmið er að börnin læra að tengja hljóð og stafi, þekkja a.m.k. 20 hljóð. Allir starfsmenn kjarnans bera ábyrgð á þessum umbótaþætti. Markmiðið er að auka orðaforða barna og ýta undir lestur bóka. Börnin fá að segja sína skoðun á bækurnar með umræðu í samveru eða í hópatíma.
Félagsfærni	Vináttuverkefni Barnaheilla var innleitt í starfsemi kjarnans í haust. Allir starfsmenn leikskólans fóru á námskeið á vegum Barnaheilla. Það var skemmtileg upplifun fyrir börnin að fá sinn eigin bangsa, voru dugleg að taka þátt í samræðum um vináttu. Nuddstundir voru vinsælar en voru því miður ekki nógu oft á dagskrá vegna röskunar á skólastarfi. Verkefnið var sett í pásu í vor vegna aðstæðna (Covið-19 og verkfall) þar sem áttum að forðast snertingu og var ekki möguleiki að sótthreinsa bangsana á hverjum degi. Markmið fyrir næsta ár er að skipuleggja verkefnið betur, nota sögur um vináttu og nudd meira einnig í hópatímanum ekki bara í samveru, hafa niðurstöðu um umræðu meira sýnilega inni á kjarna. Viðmið er að börnin tileinka sér þessa félaglegu þætti sem tengist vináttu (t.d. börnin kunni að segja hvað þýðir að vera vinur, að deila hlutum með öðrum og skiptast á, ekki skila útundan) og kunna félagfærnisögu tengda vináttu (að leysa vandamál). Endurmat fer fram næsta vor á kjarnafundi þar sem rætt verður hvernig tókst að skipuleggja verkefnið betur (safna gögnum t.d. myndir og skráningu af umræðu með börnunum). Kjarnastjóri ber ábyrgð á framkvæmdinni í samráði við starfsmenn en allir starfsmenn bera ábyrgð á því að fara eftir skipulaginu. Börnin fá að teikna mynd um hvað finnst þeim mikilvægast í vináttu og/eða hvernig þeim líður með Blæ.
Tímalína	Tímalínan var skipulögð uppá nýtt. Unnið var með hverja vísu í fjórar vikur sem hentar betur aldurshópnum, börnin ná að tengja við styttri vísur, leikjum var bætt við og táknum sem tengist daglegu starfi í leikskólanum. Táknin voru sýnilegri svo þau séu notuð á fleiri tímum í starfinu. Bókstafurinn fyrir hljóð vikunnar var einnig sýnilegur börnunum. Eftir áramótin 2020 var lítið farið eftir skipulaginu vegna verkfalls og Covid-19 og ætlum við að halda áfram með þennan umbótaþátt. Tímalínuna þarf að aðlaga betur til að mæta þörfum allra barna. Það þarf að bæta við bók vikunnar og orðaforðalistanum frá Menntamálastofnun. Skipulaginu verður skipt eftir getu barnanna (miðað við aldur og málprosa) og hafa bækur, vísur og lög við þeirra hæfi. Kjarnastjóri sér um framkvæmdina í samráði við starfsmenn en allir starfsmenn bera ábyrgð á því að fara eftir skipulaginu. Endurmat verður í formi rýnihóps starfsmanna og kjarnastjóra innan kjarnans á því hvernig gekk yfir starfsárið. Markmiðið er að skipulagið verði meira notað í starfinu á kjarnanum, ekki bara í samverum. Börnin fá að ræða um lög, vísur og fleira og segja hvað þeim

Málörvun	finnst skemmtilegast að læra og hvað þeim þótti leiðinlegt. Þessi umbótaþáttur verður endurskoðaður í janúar 2021. Á grænakjarna eru um 40% börn með erlendan uppruna, sem þurfa öðruvísi málörvun en börn með íslensku sem móðurmál. Hópstjórar voru að skipuleggja hópatíma eftir málþroska barnanna, oft þurfti að undirbúa mismunandi verkefni fyrir börn í einum hópi. Samverurnar náðu ekki að vera aldursskiptar eða þroskamiðaðar. Verfall og Covid-19 höfðu mikil áhrif á starfið okkar í vor og það verður mikil þörf fyrir málörvun fyrir börn sem mættu ekki í leikskóla í nokkra mánuði. Barnahópnum verður skipt í tvennt eftir aldri og getu barnanna í hádegis- og síðdegissamveru. Unnið verður eftir skipulagi Tímalínunnar og með orðaforðalista, fyrir ákveðin hóp. Kjarnastjóri sér um framkvæmdina í samráði við sérkennslustjóra en allir starfsmenn bera ábyrgð á því að fara eftir skipulaginu. Endurmat verður í desember 2020 og maí 2021 í formi rýnihóps hópstjóra, kjarnastjóra og sérkennslustjóra innan kjarnans á því hvernig gekk yfir starfsárið. Börnin fá að teikna orðabók með þeim orðum sem þau eru að læra, segja hvað þeim finnst skemmtilegast að læra og hvað þeim finnst erfitt að læra. Viðmið er að börnin nái að læra a.m.k. 20 ný orð á mánuði.

5 Innra mat fyrir sérkennslu

Umbótaþættir	Að hverju er stefnt?
Áætlun um málörvun	Áætlun fyrir málörvun verður útbúin á öllum kjörnum. Allir kjarnar áttu að gera áætlun hvernig átti að vinna með markvissa málörvun. Málörvunin á að eiga sér stað allt skólaárið, það væri gott að það væri til áætlun á hverjum kjarna. Þessi umbótaþáttur tókst ekki. Verður settur aftur fyrir næsta skólaár. Viðmið um árangur er að allir kjarnar hafi sett inn í skipulagið sitt markvissa málörvun.
Snemmtæk íhlutun	Viðbragðsáætlun er gerð sem fer í gang eftir skimanir komi þær ekki vel út. Markmiðið er að gera þjálfun barna markvissari og að þau sýni árangur í endurmati skimana. Viðbragðsáætlun er til og var farið eftir henni að hluta. Vegna verkfalls og covid-19 þá hefur ekki verið hægt að framfylgja því. Þar sem áætlun er til þá telst umbótaþættinum náð að hluta og verður ekki endurmetið.
Allir á deild þekki markmið einstaklinga	Einstaklingsáætlanir verði aðgengilegar fyrir starfsmenn viðkomandi kjarna til þess að gera þjálfunina markvissari og skilvirkari þar sem allir starfsmenn kjarnans geta tekið þátt. Byrjað verður á þessu strax þegar leikskólinn opnar í ágúst 2019 og stendur yfir allt árið. Sérkennslustjóri ásamt kjarnastjóra bera ábyrgð á því að gera

	einstaklingsáætlunina aðgengilega en starfsmenn bera ábyrgð sjálfir á því að nálgast upplýsingarnar. Ánægja með þetta fyrirkomulag verður athuguð með umræðum. Einstaklingsáætlanir voru gerðar á 2 mánaða fresti og fengu stuðningsaðilar og kjarnastjórar eintök í tölvupósti ef þess var óskað. Var það í höndum kjarnastjóra að kynna öðrum starfsmönnum áætlanirnar. Umræða um hvernig starfsmenn vilja hafa þetta hefur ekki orðið vegna verkfalls og Covid-19. Halda skal þessum umbótarþætti svo hægt sé að meta að ári.
Ferli ef grunur vaknar um fávík hjá barni	Verkferlar eru til sem á að fara eftir þegar grunur um frávík hjá barni vaknar. Markmið var að kjarnastjórar viti þetta og byrji að athuga hvar vandinn liggur áður en að málið er borið undir sérkennslustjóra. Kjarnastjórar fylla út verkferla og koma því til skila til sérkennslustjóra. Verkferlum var komið til allra kjarna og var kjarnastjórum kynnt hvernig eigi að fylla út formið sem þau koma aftur til sérkennslustjóra ef starfsmenn deilda hafa áhyggjur af börnum. Öllum áhyggjum af börnum var komið til skila með þessum hætti. Marmið með umbótaþættinum telst viðunnandi og verður ekki endurmetið.
Áætlun um málörvun fyrir skólahóp	Þeir nemendur sem koma slakir eða mjög slakir úr Hljóm-2 verði teknir markvisst í málörvun af sérkennslustjóra. Tvö til fjögur börn verða í hóp sem kemur saman einu sinni til tvisvar í viku. Þau börn sem koma slök eða mjög slök út úr HLJÓM-2 að hausti fá markvissa málörvun þangað til að prófið er lagt fyrir aftur í febrúar. Viðmið um árangur er að börnin hafi bætt stöðu sína á endurtektarprófinu.

7 Ytra mat

Umbótaþættir	Að hverju er stefnt?
Jafnrétti og jafnræði	Stefnt er að því að auka fræðslu til starfsmanna um jafnrétti og jafnræði til þess að minnka fordóma og áreitni í garð samstarfsmanna. Leikskólastjóri ber ábyrgð á því að fá viðeigandi fræðslu fyrir starfsmenn. Viðeigandi árangri er náð ef að fordómar og áreitni í garð samstarfsmanna mælist minna í starfsmanna könnuninni í febrúar 2020. Á starfsdegi var fræðsla um jafningja, en vegna verkfalls og Covid-19 var ekki unnt að klára aðgerðir og verður þetta áfram á umbótaáætlun fyrir næsta ár.
Fræðsla og þjálfun	Stefnt er að því að fá hugmyndir frá starfsmönnum að fræðslu til að auka ánægju og gagnsemi hennar. Könnun verður send á starfsmenn eftir hverja fræðslu þar sem spurt er um álit þeirra á fræðslunni sem var. Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri halda utan um svör starfsmanna og taka niðurstöðurnar saman. Við misstum af nokkrum starfsdögum og þeir fóru í annað en við áætluðum vegna verkfalls og Covid-19 og verður þetta áfram á umbótaáætlun fyrir næsta ár.
Upplýsingaflæði	Kjarnafundir eru mikilvægir upp á samskipti og upplýsingastreymi milli samstarfsmanna kjarnanna. Til þess að þeir gleymist ekki í amstri dagsins er nauðsynlegt að festa þá í mánaðarskipulaginu og hafa það sýnilegt. Ef fundir falla niður skal ástæða þess skráð niður. Þessum skráningum verður haldið saman til að skoða tíðni funda og ástæður þess að þeir eru ekki haldnir. Kjarnastjóri gerir fundargerð og safnar þeim saman í möppu sem er aðgengileg fyrir starfsmenn. Skipulagið verður endurskoðað um áramót. Endurmatið fór ekki fram og verður áfram á umbótaáætlun fyrir næsta ár.
Starfsmannahandbók	Til þess að auka gæði starfsins þarf að vera skýr og auðveld starfsmannahandbók sem samræmir aðgerðir starfsmanna. Ekki tókst að yfirfara þá sem til er en stefnt er að því að sú vinna hefjist strax á nýju skólaári til þess að nýir starfsmenn geti lesið hana án vandkvæða og nýtt sér það sem í henni er. Könnun meðal starfsmanna verður nýtt til að meta hvernig vinnan tókst til. Ekki var farið í þessa vinnu á þessu ári, en verður sett í umbótaáætlun aftur fyrir næsta skólaár.



8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í lok maí og byrjun júní þetta árið vegna Covid-19 faraldursins. Þessi samtöl gefa starfsmönnum færi á að ræða við leikskólastjóran um hugmyndir sínar varðandi starfið. Þetta er góð leið til þess að ræða hvað gengur vel og einnig það sem þarf að bæta. Einnig er starfsþróun rædd og hvaða sýn starfsmaður hefur fyrir komandi skólaár. Verkefni sem hann hefur sinnt og hvernig þau ganga. Starfsmenn eru hvattir til að mæta undirbúnir í viðtalið þar sem þetta er góður vettvangur fyrir þá til að koma með hugmyndir að umbótum í starfi.

Starfsdagar eru oft nýttir í fræðslu og hefur það gefið góða reynslu. Stefnt er að því að halda því áfram. Á síðasta skólaári voru ýmsar fræðslur meðal annars tengt innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur. Einnig var fyrirhugað að halda reglulegt skyndihjálparnámskeið, en vegna verkfalls og faraldurs reyndist ekki unnt að halda það. Því færist það yfir á næsta skólaár. Starfsdagar á næsta skólaári verða að einhverju leiti nýttir fyrir fræðslu og innleiðingu næsta skrefs Menntastefnunnar. Við ætlum að einblína á heilbrigði, taka fyrir svefn og heilbrigðari lífsstíl. Einnig ætlum við að reyna að taka fleiri græn skref í starfinu. Ráðstefnan sem hefur verið ár hvert í tengslum við dag leikskólans verður með breyttu sniði og haldin stór hátíð í maí á næsta ári. Við stefnum að því að mæta öll á hana.

9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Starfsfólk Seljaborgar er í virku samstarfi við grunnskólana í Seljahverfi. Börnin sem eru á síðasta aldursári leikskólans hafa fengið að fara í Ölduselsskóla nokkrum sinnum yfir skólaárið. Bæði þar sem Ölduselsskóli býður börnunum í heimsókn en einnig hefur Seljaborg fengið kennslustofu lánaða nokkrum sinnum til þess að börnin fái betri tilfinningu fyrir skólanum sem þau fara seinna sjálf í. Ölduselsskóli býður tilvonandi nemendum sínum að koma þrisvar sinnum í heimsókn yfir veturinn og er síðasta heimsóknin farin með foreldrum rétt um skólalok grunnskólans. Starfsfólk og foreldrar eru ánægðir með það fyrirkomulag sem hefur verið á samstarfi skólanna og stefnt er að því að halda því eins og það er. Við náðum því miður ekki að halda þessu vegna verkfalls og COVID-19 en reyndum að fara í nokkrar heimsóknir í Ölduselsskóla. En verkefninu verður haldið áfram.

Skólaskilin hafa verið gerð samræmd í Seljahverfi þannig að allir leikskólar skila öllum börnunum sínum eins til grunnskóla hverfisins. Skilin hafa verið einfölduð og koma þar fram helstu upplýsingar varðandi barnið þ.e. gátlisti varðandi félagsfærni, niðurstaða úr Hljóm-2 sem og nokkrar spurningar til

barnanna þar sem þau fá að segja frá væntingum sínum til skólans og námsins auk þess sem þau segja hvað þeim þykir skemmtilegast að gera.

Í ár tókum við þátt í nýju verkefni í samstarfi við Ölduselsskóla þar sem nemendur í 10. bekk gátu valið sem valfag að fara í aðstoð í leikskóla. Nemendurnir komu til aðstoðar einu sinni í viku seinnipart dags í átta vikur. Markmiðið er að kynna nemendum það starf sem unnið er í leikskólanum og vekja vonandi áhuga þeirra á námi í leikskólakennarafræðum sem skili sér að lokum í fleiri menntuðum leikskólakennurum. Þetta verkefni gekk vel, seinni hópurinn náði því miður ekki að klára vegna verkfalls og síðan skertrar starfsemi vegna COVID-19. En við stefnum á að halda þessu samstarfi áfram.

- **Áætlun um samstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi 2020-2021:**
 - **September:** Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár, farið er yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári. Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun september.
 - **Október:** Fyrirverandi leikskólanemendur koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum.
 - **Nóvember:** Heimsóknir elstu barna okkar í grunnskólana í litlum hópum. Nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla koma og lesa fyrir allar deildir á Degi íslenskrar tungu.
 - **Febrúar:** Elstu börnin okkar fara í heimsókn tvö í grunnskólana.
 - **Mars:** Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2020-2021.
 - **Maí:** Elstu börnin okkar fara í heimsókn þrjú í grunnskólana. Leikskólinn skilar börnum til grunnskólanna.

10 Foreldrasamvinna

Í stjórn foreldrafélagsins Seljaborgar sitja fimm foreldrar. Stjórnin sér um að innheimta félagsgjöld tvisvar á ári. Foreldrafélagið borgar rútu þegar farið er í lengri ferðir eins og í Heiðmörk að velja jólatré og þegar útskriftarhópurinn fer í ferð í Hvalfjörð. Foreldrafélagið tekur þátt í undirbúningi og framkvæmd Sumarhátíðarinnar sem er í tengslum við Þjóðhátíðardaginn. Félagið greiðir einnig fyrir jólasvein sem mætir á jólaballið, leiksýningu fyrir jólin, kveðjusteina sem börn fá þegar þau útskrifast



og rósir. Foreldrafélagið hefur verið mjög viljugt að greiða fyrir ýmislegt sem okkur vanhagarum fyrir starfið með börnum svo sem nýja hátalara við tölvurnar.

Í foreldraráði sitja þrír fulltrúar stjórnar foreldrafélagsins. Fulltrúarnir eru kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldinn er í september ár hvert. Á sama tíma eru deildarstjórar og stjórnendur með kynningu á starfi vetrarins fyrir foreldra þar sem farið er yfir helstu viðburði vetrarins og kennslugögn. Hlutverk foreldraráðsins er að gefa umsagnir til leikskóla, fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi og eru fundir haldnir reglulega yfir veturinn. Leikskólastjóri kallar foreldraráð á fundi til að undirbúa stærri viðburði á vegum þeirra t.d. Heiðmerkurferð og Sumarhátíð.

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á ári í nóvember og mars. Gert er ráð fyrir að foreldrar mæti í bæði viðtölin. Í viðtölunum er farið yfir sín foreldra á námi barna sinna, drög eru lögð að einstaklingsnámskrá, framfarir barna eru rædd sem og önnur mál sem foreldrar eða hópstjórar þurfa að ræða. Vegna COVID-19 var ekki boðið upp á hefðbundin foreldraviðtöl heldur var foreldrum boðið upp á að hafa samband símleiðis eða í gegnum tölvupóst til að fá upplýsingar sem þó nokkrir nýttu sér.

11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar Seljaborgar starfsárið 2020-2021 eru eftirfarandi:

18. september

9. október

20. nóvember

8. janúar

16. mars

23. apríl

10. maí





ÁUGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 Þ	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 Þ	2 S	2 M	2 Þ
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 Þ	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 Þ	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 Þ	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 Þ	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 Þ	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 F	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 S	16 Þ	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 L	19 M	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 Þ	21 M	21 F	21 L	21 M	21 F	21 S	21 M	21 M	21 Þ	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 L	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 Þ	24 S	24 F	24 S	24 M	24 L	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 Þ	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 F	30 F	30 S	30 S	30 M	30 M
31 M		31 L		31 F	31 S		31 M		31 M		

12 Fylgigögn

12.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans *Selja borg*

Olga G. Stefán

Leikskólastjóri

30/6'20

Dagsetning

Starfsáætlun 2020 – 2021

Seljaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Berglind Gunnarsdóttir

Margrét Ólína Gunnarsdóttir

Kristín Bergsdóttir

Marta Dröfn Björnsdóttir

Ása Sigríður Ingadóttir

Irina Chermuh



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.



Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldaráðið hefur farið yfir starfsáætlun skólans og finnst hún vera í samræmi við það góða starf sem hefur verið í skólanum undanfarið ár. Matsáætlunin er vel unnin og tekið er mið af þroska og getu barna. Síðastliðið ár hefur verið unnið mjög fjölbreytt, metnaðarfullt og gott starf við leikskólann Seljaborg. Börnin hafa fengið margvísleg og áhugaverð verkefni til að takast á við.

Foreldaráði leikskólans finnst afar jákvætt hversu fjölbreytt og skilvirt starfið hefur verið. Starfsfólk leikskólans hefur verið sérstaklega duglegt að skoða nærumhverfi leikskólans, heimsækja skólalóðina og taka styttri og lengri göngutúra. Mikil áhersla hefur verið lögð á læsi og teljum við óumdeilanlegt sú vinna muni skila sér með jákvæðari lestrarnámsupplifun þegar barnið hefur sína skólagöngu.

Mikil áherlsa er lögð á að nemendur öðlist styrk og sjálfsöryggi í því að koma fram og fá þeir þá ólík hlutverk eins og t.d. bókaormur eða veðurfræðingur. Nemendur fá einnig tækifæri til að vera skapandi ekki hvað síst með leik með verðlausum hlutum sem annars færu í ruslið.

Foreldraráðið hefur eingöngu eina athugasemd:

- Foreldrarráðið er afar ánægt með eldhúsið og að maturinn sé eldaður af matræði í leikskólanum. Við leggjum samt til að birtur verði matseðill a.m.k. 4 vikur fram í tímann á vefsíðu skólans og á útprentuðu blaði í fataherbergjum.

Fyrir hönd foreldraráðsins,

Berglind Gunnarsdóttir

Margrét Ólína Gunnarsdóttir

Kristín Bergsdóttir



